

Stjórnarfundur Geðhjálpar 15.02.15

Mætt: Sylviane, Hrannar, Sveinn Rúnar, Maggý Hrönn, Bergþór og Anna Gunnhildur.

- 1. Yfirferð síðustu tveggja fundargerða 15. janúar og 22. janúar (MHH).**
Fundargerðir lesnar og samþykktar án athugasemda.
- 2. Landshlutadeildir, lagabreytingar, sbr. drög að lagabreytingum Geðhjálpar og ramma fyrir starfsemi landshlutadeilda (HJ).**
Farið yfir drög að starfsreglum landshlutadeilda félagsins og breytingar á lögum Geðhjálpar um landshlutadeildir og réttindi styrktarféлага til jafns við aðra féлага, t.a.m. kosningarétt og kjörgengi.

Samþykkt að fyrsta grein laganna standi óbreytt frá gildandi lögum og við 12. greinina bætist að landshlutadeildirnar starfi í samræmi við lög landssamtakanna og eigin starfsreglur. Fyrirliggjandi drög að lagabreytingum voru að öðru leyti samþykkt og verða því borin undir atkvæði á aðalfundi sem tillaga stjórnar.

- 3. Tímasetning, staðsetning, stjórnarseta/kosningar á aðalfundi Geðhjálpar 2015, sbr. minnisblað (HJ, AGÓ).**

Samþykkt að aðalfundur Geðhjálpar verði haldinn þann 21. mars kl. 14-17. Fundurinn verður væntanlega haldinn í nýju húsnæði félagsins að Borgartúni 30. Eftirtaldir stjórnarmenn munu gefa kost á sér til endurkjörs á fundinum:

Hrannar Jónsson, formaður
Maggý Hrönn Hermannsdóttir
Þórður Ingþórsson

Sveinn Rúnar (hugsar málið).
Jón Tryggvi Sveinsson (ekki viðstaddur).

Í varastjórn vantar fjóra nýja fulltrúa.

- 4. Húsnæðismál, framkvæmdaráð (HJ, AGÓ).**
Samþykkt að Hrannar Jónsson, formaður, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri, og Þórður Ingþórsson, gjaldkeri, skipi framkvæmdaráð vegna endurnýjunar nýja húsnæðisins að Borgartúni 30.
- 5. Styrkbeiðni til ÖBÍ, sbr. drög að umsókn (HJ, AGÓ).**
Anna Gunnhildur kynntu drög að umsókn félagsins um styrki til ÖBÍ. Samþykkt án breytinga að senda umsóknina inn fyrir 24. febrúar (Sjá umsókn).
- 6. Félögum boðið að skipta yfir í styrktarfélagaaðild (HJ).**
Samþykkt að Miðlun bjóði félagsmönnum að verða styrktarfélagar í stað þess

að greiða árgjald. Félagsmönnum verður þakkað fyrir stuðninginn, farið yfir fyrirbyggjandi tengiliðaupplýsingar á borð við netfang, þeim sem hafa fengið greiðsluseðla verður boðið að færa sig yfir í rafrænar greiðslur og síðast en ekki síst verður félögum boðið að skipta yfir í styrktarfélagaaðild.

Ef félagar ákveða að segja upp aðild sinni verði þeim boðið að vera á póstlista. Jafnframt samþykkt að óska eftir að Miðlun kannao hvort ráðstefnugestir af tveimur ráðtefnum Geðhjálpar hefðu áhuga á að gerast styrktaraðilar.

7. Styrkir, verkefni (AGÓ).

Anna Gunnhildur sagði frá áhugaverðu tækifæri til að ráða háskólanema í rannsóknarverkefni undir yfirskriftinni *Sumarvinna við sjálfstæðar rannsóknir*. Samþykkt var að sækja um styrk til verkefnis af þessu tagi til Nýsköpunarsjóðs námsmanna fyrir 4. mars. Óskað var eftir hugmyndum að heppilegu verkefni.

Anna Gunnhildur greindi frá hugmynd sinni að nýsköpunarverkefni Geðhjálpar undir heitinu *Mín leið (My Way)*. *Mín leið* felst í þróun gagnvirks tölvuforrits *Mín leið* til að aðstoða fólk við að feta sig áfram sína eigin leið til valdeflingar. Hugmyndin verður send inn í norræna nýsköpunarkeppni um sjálfstæða búsetu.

Síðast en ekki síst kynnti Anna Gunnhildur hugmynd að umsókn í Lýðheilsusjóð. Samþykkt að sækja um styrk til að framleiða stutt myndbönd til varnar sjálfsvígum ungra karlmannna.

8. Batamódel & læknamódel, hugmyndahópur (HJ):

Frestað.

9. Fögnuður (HJ).

Stjórnarmenn tóku vel við sér undir þessum lið. Framkvæmdastjóra falið að finna góðan og skemmtilegan stað. Ritari félagsins lofar að borða hriklega mikið, drekka meira en góðu hófu gegnir og hlæja á kolvitlausum stöðum :)

10. Önnur mál, t.d. skýrsla ÖBÍ um skipulagningu endurhæfingar.

Rætt og reifað.

Fundi slitið klukkan 19:25